

Rit 3/2022

Umræðuskjal

Þróun framlegðar árin 2017 – 2022 á lykilmörkuðum

Greining vegna verðhækkana

Samkeppniseftirlitið hefur greint þróun framlegðar og framlegðarhlutfalla á þremur lykilmörkuðum árin 2017-2022 og sett í alþjóðlegt samhengi

Tilefni: Röskun á aðfangakeðjum og hrávöruverðshækkanir í kjölfar COVID-19 og innrásar Rússa í Úkraínu

Á fyrri hluta árs 2022 hafði borið á ýmsum hnökrum í aðfangakeðjum, aðallega vegna breytinga á eftirspurn í kjölfar COVID-19 en einnig vegna innrásar Rússa í Úkraínu. Þeirri þróun fylgdi umræða um þörf á verulegum verðhækkunum, þar á meðal af hálfu hagsmunasamtaka fyrirtækja. Á sama tíma hafði verið bent á góða rekstrarstöðu og afkomu margra fyrirtækja auk þess sem styrking á gengi krónunnar hafði unnið gegn þörf á verðhækkunum á innfluttum vörum.

Með hliðsjón af því réðst Samkeppniseftirlitið í upplýsingaöflun sem miðaði að því að gera því kleift að greina betur áhrif óhagstæðra ytri aðstæðna á verðþróun á lykilmörkuðum. Upplýsingaöflunin beindist fyrst og fremst að þróun framlegðar á dagvörumarkaði, byggingavörumarkaði og eldsneytismarkaði.

Sjá nánar í [frétt](#) á heimasíðu eftirlitsins og [minnisblaði](#) til menningar- og viðskiptaráðherra.



Dagvörumarkaður - samantekt

- Þriðja hæsta verðlag á mat- og drykkjarvöru í Evrópu árið 2021
- Framlegðarhlutfall á dagvörumarkaði hærra en meðaltal fyrirtækja í Vestur Evrópu og margir upplifað vandamál sökum skorts á samkeppni
- Framlegð á dagvörumarkaði hækkað um tæpan þriðjung árin 2017-2021 en framlegðarhlutfall lítið breyst
- Framlegðarhlutfall heildsala lækkar um 3 prósentustig á sama tímabili



Byggingavörumarkaður - samantekt

- Framlegð af alhliða byggingavöru og grófvöru hefur vaxið frá ársbyrjun 2020 en framlegðarhlutföll lækkað
- Framlegðarhlutfall á byggingavörumarkaði lægra en meðaltal fyrirtækja í Vestur Evrópu
- Mikil framlegð í timbri, en þróun framlegðar og framlegðarhlutfalla breytileg eftir tegundum grófvöru
- Framlegð af timbri jókst umtalsvert eftir að COVID-19 faraldurinn hófst á meðan framlegð af einangrun og múrefni hélst stöðug.




Eldsneytismarkaður - samantekt

- Verðlag og álagning á eldsneytismarkaði há í alþjóðlegum samanburði
- Aukin samkeppni í kjölfar innkomu Costco og viðbragða Atlantsolíu og annarra olíufélaga hefur leitt til lægri álagningar á bensín á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri en landsbyggðin situr eftir
- Lítil sem engin breyting í álagningu á dísilolíu
- Fyrirvari: Eldsneytissala Costco ekki meðtalin í gögnum fyrir eldsneytismarkað.




Ályktanir

- Há verðlagning og álagning á dagvöru- og eldsneytismarkaði í alþjóðlegum samanburði vekur upp spurningar um hvort samkeppnislegt aðhald á þeim mörkuðum sé nægilegt
- Vísbendingar um að innkoma Costco og viðbrögð keppinauta í kjölfarið hafi haft áhrif til lækkunar á álagningu á bensín. Þróun í sölu dísilolíu á og í eldsneytissölu á landsbyggðinni vekur upp spurningar um hvort skortur sé á samkeppni þar
- Ekki skýrar vísbendingar um brot á samkeppnislögum
- Samkeppniseftirlitið kallar eftir sjónarmiðum um túlkun á upplýsingum um þróun framlegðar og framlegðarhlutfalla og um leiðir til að efla samkeppni og vinna gegn verðhækkunum




Kallað eftir upplýsingum og sjónarmiðum (1)

- Óskað er eftir sjónarmiðum og upplýsingum frá hlutaðeigandi fyrirtækjum á dagvöru-, eldsneytis- og byggingavörumörkuðum sem varpa frekara ljósi á þróun framlegðar og framlegðarhlutfalla sem lýst hér að framan
- Óskað er eftir sjónarmiðum og upplýsingum frá hagaðilum um þær ályktanir sem Samkeppniseftirlitið dregur af þeirri greiningu sem kynnt er hér m.t.t. framlegðar, framlegðarhlutfalla og alþjóðlegs samanburðar
- Óskað er eftir sjónarmiðum um hvort, og þá hvaða áhrif, innkoma Bauhaus hafi haft á byggingavörumarkaði og að samráð á þeim markaði hafi verið upprætt árið 2012



Kallað eftir upplýsingum og sjónarmiðum (2)

- Óskað er eftir sjónarmiðum og upplýsingum frá stjórnendum fyrirtækja á lykilmörkuðum um það hvaða áhrif samkeppni á viðkomandi markaði hefur á stefnumörkun og ákvarðanir um arðgreiðslur til hluthafa
- Óskað er eftir upplýsingum og sjónarmiðum frá eigendum fyrirtækja á lykilmörkuðum sem eiga veigamikinn eignarhlut í fleiri en einu fyrirtæki á sama markaði, um það hvort og þá hvernig eigendaaðhald af þeirra hálfu hafi stutt við samkeppni og unnið gegn verðhækkunum



Kallað eftir upplýsingum og sjónarmiðum (3)

- Óskað er eftir ábendingum og sjónarmiðum um samkeppnishindranir af hálfu stjórnvalda, s.s. í lögum eða reglum, sem brýnt er að taka til umfjöllunar í tilefni af hækkun verðs og vöru eða þjónustu á síðustu mánuðum
- Óskað er eftir sjónarmiðum um áherslur og forgangsröðun í verkefnum Samkeppnis-eftirlitsins á næstu misserum, vegna þeirra efnahagsaðstæðna sem nú ríkja



Gögn og aðferðafræði

Gögn

Gagna um tekjur og kostnaðarliði var aflað frá stærstu fyrirtækjunum á þeim mörkuðum sem til skoðunar eru, með heimild í 19. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

- **Dagvörumarkaður:** Festi (Krónan og Kr.), Hagar (Bónus og Hagkaup), Samkaup (Nettó, Krambúðin, Kjörbúðin og Iceland).
- **Byggingavörumarkaður:** Byko, Húsasmiðjan, Bauhaus.
- **Eldsneytismarkaður:** Atlantsólía, Festi (N1), SKEL (Orkan), Hagar (Olís og ÓB).

Tímabil: janúar 2017 til júlí 2022.

Upplýsingar um vísitölu neysliverðs voru sóttar af [vef Hagstofunnar](#) og um gengi af [vef Seðlabanka Íslands](#).

Upplýsingar um alþjóðlegan samanburð var aflað frá framkvæmdastjórn ESB, Eurostat, Hagstofunni og öðrum samkeppniseftirlitum.

Aðferðafræði

Allar fjárhæðir hafa verið staðvirtar þar sem miðað er við verðlag í október 2022, nema annað sé tekið fram.

Framlegð og framlegðarhlutföll voru reiknuð á dagvöru- og byggingavörumarkaði.

Á eldsneytismarkaði var smásöluálag reiknað, þar sem tekið var tillit til innkaupaverðs (komið til landsins) og opinberra gjalda.

Þar sem við á voru gögn vegin með tilliti til innbyrðis markaðshlutdeildar fyrirtækjanna sem greiningin náði til hverju sinni.

Niðurstöður hafa verið settar í alþjóðlegt samhengi þar sem það á við.

Framlegð (e. *gross margin*)

Framlegð er skilgreind sem rekstrartekjur að frádregnu kostnaðarverði seldra vara. Líta má á framlegð sem þann hluta af tekjum fyrirtækis sem það getur ráðstafað upp í rekstrarkostnað, fjármagnskostnað, skatta og arð (hagnað) til eigenda.

Framlegðarhlutfall (e. *gross profit margin*)

Framlegðarhlutfall er skilgreint sem hlutfall framlegðar af rekstrartekjum fyrirtækis.

Smásöluálag (e. *retailer spread*)

Smásöluálag er reiknað á eldsneytismarkaði. Með smásöluálagi er átt við útsöluverð að frádregnu innkaupaverði og flutningi til landsins og opinberum gjöldum. Þannig er ekki frádreginn kostnaður við dreifingu innanlands, birgðahald og annan rekstrarkostnað.

Ítarupplýsingar um gögn

Dagvörumarkaður

Óskað var sundurgreindra upplýsinga um söluverðmæti og kostnaðarverð seldra vara vegna sölu á dagvöru eftir því hvort um var að ræða:

- Innlenda vöru keypta frá innlendum framleiðendum eða heildsölum
- Innlenda vöru keypta frá tengdum fyrirtækjum (innan samstæðu)
- Erlenda vöru keypta frá innlendum heildsölum
- Erlenda vöru flutta inn af samstæðunni

Þar sem talað er um alla dagvöru í þessari skýrslu er átt við ofangreinda flokka samanlagða.

Byggingavörumarkaður

Upplýsinga var óskað um söluverðmæti og kostnaðarverð seldra vara vegna sölu á byggingavöru fyrir eftirfarandi flokka:

- Alhliða byggingavara
 - Grófvara*
 - Timbur (tilheyrir grófvöru)
 - Múrefni (tilheyrir grófvöru)
 - Einangrun (tilheyrir grófvöru)

*Safnheiti yfir grunnbyggingavörur á borð við timbur, krossvið, stál, stálstoðir, steinull, gipsplötur, spónaplötur, múrvörur, lagnavörur, miðsöðvarofna, glugga, klæðningarefni og fleira byggingaefni.

Eldsneytismarkaður

Óskað var sundurgreindra upplýsinga um dæluverð og innkaupaverð að meðtöldum flutningi til Íslands, eftir hvort um var að ræða bensín eða dísil og eftir landfræðilegri afmörkun (landið allt, höfuðborgarsvæðið, Akureyri, aðrir landfræðilegir markaðir).

Efnisyfirlit

1. Dagvörumarkaður
2. Byggingavörumarkaður
3. Eldsneytismarkaður




Dagvörumarkaður



Þriðja hæsta verðlag á mat- og drykkjarvöru í Evrópu árið 2021

- EFTA ríkin Sviss, Noregur og Ísland eru með **hæsta verðlag mat- og drykkjarvöru** árið 2021
- Verðlag mat- og drykkjarvöru á Íslandi um **40% hærra** en að meðaltali í ríkjum ESB

Matur og drykkjarvara. 2021. ESB=100.*




*Heimild: Hagstofa Íslands (2022). *Matur og drykkjarvara. Hlutfallslegt verðlag vergrar landsframleiðslu. ESB=100*

Meðalverðlag í Evrópusambandsríkjum er 100, og hlutfallslegt verðlag í hverju landi er gefið upp sem hlutfall af þessu meðaltali.

Tvöfalt fleiri upplifað vandamál sökum skorts á samkeppni á matvörumarkaði hér á landi í samanburði við meðaltal í Evrópu


- Fimmtungur svarenda hér á landi upplifað vandamál í sölu matvöru sökum skorts á samkeppni
- Aðeins í Finnlandi (26%) og Ungverjalandi (24%) taldi hærra hlutfall svarenda sig hafa upplifað vandamál vegna skorts á samkeppni á matvörumarkaði



Heimild: [EU Citizens' perceptions about competition policy \(2019\)](#), Skýrsla nr. 1/2019. Viðhorf almennings til samkeppnismála.

Framlegð af dagvörusölu jókst um 29% á milli 2017 og 2021 en framlegðarhlutfallið um 0,7 prósentustig árið 2021**

- Framlegð allrar dagvöru jókst um 29% á milli 2017 og 2021
- Lítil breyting á framlegðarhlutfalli 2017-2021
- Framlegðarhlutfallið hækkaði um 0,7 prósentustig á milli 2020 og 2021**




Heimild: Gögn frá Högum, Festi og Samkaupum. Eigin útreikningar Samkeppniseftirlitsins.

*Hér ber að nefna að þann 16. nóvember 2018 heimilaði Samkeppniseftirlitið kaup Samkaupa hf. á eignum 12 verslana Basko verslana ehf. Í kjölfar samrunans bættist því velta þeirra 12 verslana við veltu Samkaupa.

**Samkvæmt upplýsingum frá Högum var gerð breyting á meðhöndlun gengis innan samstæðu Haga um áramótin 2020/21. Þetta getur útskýrt, a.m.k. að hluta til, hækkun á framlegðarhlutfalli í flokki erlendra vara sem fluttar voru inn af samstæðu árið 2021 sem aftur hefur áhrif á framlegðarhlutfall allra dagvara.

Framlegðarhlutfall hefur hækkað um 1,4 prósentustig á milli 2019 og 2022, sé litið til fyrstu fjögurra mánaða ársins

- Árið 2020 hækkaði framlegð um 10,7% frá fyrra ári, um 5% árið 2021 og 1,8% árið 2022
- Framlegðarhlutfall hækkaði um 0,4 prósentustig árið 2020, 0,2 árið 2021 og um 0,8 árið 2022



Heimild: Gögn frá Högum, Festi og Samkaupum. Eigin útreikningar Samkeppniseftirlitsins.

Framlegðarhlutfall íslenskra dagvörusala 3 prósentustigum hærrí en að meðaltali í Vestur-Evrópu árin 2018-2021

- **Mismunur** á vegnu meðaltali framlegðarhlutfalla íslenskra dagvörusala og meðaltali í Vestur-Evrópu á bilinu **1,6 til 4,3 prósentustig** árin 2018-2021
- Mismunurinn hefur farið **lækkandi**
- **Fyrirvari:** Ekki er hægt að ábyrgjast að gögn sem miðað er við séu að fullu samanburðarhæf.


Framlegðarhlutfall	2018	2019	2020	2021	Meðaltal
Ísland, vegið meðaltal	21,0%	20,7%	20,5%	21,0%	20,8%
Vestur-Evrópa, meðaltal	16,7%	17,4%	18,1%	19,5%	17,9%
Mismunur (prósentustig)	4,3%	3,3%	2,4%	1,6%	2,9%

Heimild: Gögn frá Festi, Högum og Samkaupum, Damodaran (2022)* og eigin útreikningar Samkeppniseftirlitsins.

*Gögn fyrir Vestur-Evrópu eru sótt úr gagnagrunni Aswaths Damodarans, prófessors í fjármálum við New York háskóla. Gögnin er að finna á https://pages.stern.nyu.edu/~adamodar/New_Home_Page/data.html, sjá „Current Data“ og „Archived Data“ og við „Operating and Net Margins by Industry Sector“. Hér er stuðst við gross margin hlutfallið. Inni í þessum gögnum eru 34 félög, t.a.m. J Sainsbury plc. (Bretland), Tesco plc. (Bretland), og ICA Gruppen AB (Svíþjóð). Upplýsingar um íslensk félög eru fengnar úr ársreikningum Haga verslana, Krónunnar og Samkaupa.

Talsvert hærra framlegðarhlutfall af erlendri vöru en innlendri

- Meðalframlegðarhlutfall af erlendri vöru sem flutt er inn af dagvöruheðjum **tvöföld** á við innlenda vöru
- Litlar breytingar á framlegðarhlutföllum milli ára



Heimild: Gögn frá Högum, Festi og Samkaupum. Eigin útreikningar Samkeppniseftirlitsins.

*Meðaltal veginna framlegðarhlutfalla á árunum 2017-2021, þar sem vögin er byggð á innbyrðis markaðshlutdeild dagvöruheðjanna.


** Hafa ber í huga að framlegðarhlutfall innlendra heildsala af innflutningi er ekki meðtalið hér.

Framlegðarhlutfall heildsala af innfluttum vörum lækkar um 3,2 prósentustig frá 2018-2021 en hækkar um 0,4 prósentustig hjá smásölum

- Framlegðarhlutfall heildsala vegna sölu á innfluttri vöru til dagvöruverslana var **3,2 prósentustigum lægra** í lok tímabils en í upphafi
- Framlegðarhlutfall erlendra vöru sem dagvöruverslanir keyptu af heildsölum var minna en 1 prósentustigi lægra í lok tímabils
- Framlegð heildsala af innfluttri vöru lækkaði um **3%** á milli 2020 og 2021 en framlegð dagvörukeðja af erlendra vöru keyptri af innlendum heildsölum hækkaði um **4,4%**.

*Í tilviki heildsala er átt við framlegð og framlegðarhlutföll af innfluttum vörum sem heildsölur selja til dagvöruverslana.

Í tilviki smásala er átt við framlegð og framlegðarhlutföll af erlendum vörum sem dagvöruverslanir kaupa af innlendum heildsölum.




Heimild: Gögn frá Högum, Festi, Samkaupum, 1912 (Nathan & Olsen), Innes, ÍSAM, Ó. Johnsen & Kaaber og Ölgerðinni (Danól.). Eigin útreikningar Samkeppniseftirlitsins.

Byggingavöru- markaður



Framlegð af alhliða byggingavöru og grófvöru hefur vaxið frá ársbyrjun 2020 en framlegðarhlutföll lækkað

- Framlegð af sölu alhliða byggingavöru og grófvöru **jókst frá fyrsta ársfjórðungi ársins 2020 fram að öðrum ársfjórðungi 2022.**
- Framlegð af sölu alhliða byggingavöru **lækkaði um tæp 7,5%** á milli fyrsta og annars ársfjórðungs 2022 og framlegð af sölu grófvöru **lækkaði um rúm 4%**
- Framlegðarhlutföll alhliða byggingavöru og grófvöru hafa **lækkað** yfir tímabilið, en **hækkuðu þó lítillega** á árinu 2020



Heimild: Gögn frá Bauhaus, Byko og Húsasmiðjunni (2022). Eigin útreikningar Samkeppniseftirlitsins.

Framlegðarhlutfall íslenskra byggingavörusala um 4 prósentustigum lægra en að meðaltali í Vestur-Evrópu árin 2018-2021

- **Mismunur á framlegðarhlutfalli íslenskra byggingavörusala og meðaltali í Vestur-Evrópu á bilinu -3,0 til -6,1 prósentustig árin 2018-2021**
- **Mismunurinn verið nokkuð stöðugur yfir tímabilið**
- **Fyrirvari:** Ekki er hægt að ábyrgjast að gögn sem miðað er við séu að fullu samanburðarhæf.

Framlegðarhlutfall	2018	2019	2020	2021	Meðaltal
Ísland, vegið meðaltal	34,1%	33,3%	35,5%	34,1%	34,6%
Vestur-Evrópa, meðaltal	39,2%	39,4%	38,5%	39,1%	38,8%
Mismunur (prósentustig)	-5,1%	-6,1%	-3,0%	-5,0%	-4,2%


Heimild: Gögn frá Bauhaus, Byko og Húsasmiðjunni (2022), Damodaran (2022)*. Eigin útreikningar Samkeppniseftirlitsins.

*Gögn fyrir Vestur-Evrópu eru sótt úr gagnagrunni Aswaths Damodarans, prófessors í fjármálum við New York háskóla. Gögnin er að finna á

https://pages.stern.nyu.edu/~adamodar/New_Home_Page/data.html, sjá „Current Data“ og „Archived Data“ og við „Operating and Net Margins by Industry Sector“. Hér er stuðst við gross margin hlutfallið. Inni í þessum gögnum eru 22 félög, t.a.m. Byggmax Group (Svíðjóð), Hornbach (Pýskaland) og Topps Tiles (Bretland). Upplýsingar um íslensk félög eru fengnar úr ársreikningum Byko, Húsasmiðjunnar og Bauhaus

Framlegðarhlutföll einangrunar og timburs hækkuðu á milli fyrstu ársfjórðunga áranna 2021 og 2022 en framlegðarhlutfall einangrunar hélst stöðugt


- Framlegðarhlutfall timburs hækkaði um 4,2 prósentustig á milli fyrstu ársfjórðunga áranna 2021 og 2022
- Framlegðarhlutfall múrefnis hækkaði minna í kjölfar COVID en hafði hækkað nokkuð árin á undan
- Framlegðarhlutfall einangrunar hefur haldist nánast óbreytt yfir tímabilið. Hlutfallið hækkaði um rúmt 1,5 prósentustig árið 2020 en lækkaði aftur árið eftir



Heimild: Gögn frá Bauhaus, Byko og Húsasmiðjunni (2022). Eigin útreikningar Samkeppniseftirlitsins.

Framlegð af timbri jókst umtalsvert eftir að COVID-19 faraldurinn hófst á meðan framlegð af einangrun og múrefni hélst stöðug

- Framlegð af timbursölu í krónum á föstu verðlagi **nærri því tvöfaldaðist** frá fyrsta ársfjórðungi ársins 2020 til fyrsta ársfjórðungs árið 2022
- Framlegð af sölu einangrunar og múrefnis öllu **stöðugri og umtalsvert lægri** í krónum talið



Heimild: Gögn frá Bauhaus, Byko og Húsasmiðjunni (2022). Eigin útreikningar Samkeppniseftirlitsins.

Eldsneytis- markaður




Bensínverð (án skatta og opinberra gjalda) á Íslandi eitt það hæsta í Evrópu árin 2017-2022

- Þróun dæluverðs á bensíni sambærileg yfir tímabilið á Íslandi og í öðrum Evrópuríkjum
- Dæluverð á bensíni á Íslandi um 10-15 kr. hærra en í öðrum Evrópuríkjum fram undir lok árs 2019 en munurinn í framhaldinu minni
- **Fyrirvari:** Eldsneytissala Costco ekki meðtalin í gögnum fyrir eldsneytismarkað.

*Gögn fyrir dæluverð á bensíni hér á landi eru fengin frá olúfélögum og opinber gjöld dregin frá en dæluverð án opinberra gjalda fyrir Evrópusambandsríkin eru fengin úr gagnagrunni framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (*Weekly Oil Bulletin*) og hafa verið umreiknuð yfir í ISK samkvæmt gengisskráningu *Seðlabanka Íslands*. Verð eru ekki staðvirt.

Fyrirvari: Uppruni gagna er ólíkur og því ber að setja ákveðinn fyrirvara við samanburð á milli Íslands og annarra landa. Framkvæmdastjórnin setur jafnframt tiltekinn fyrirvara við samanburðarhæfni þeirra gagna sem er að finna í gagnagrunni þeirra, m.a. vegna mögulegs mismunar í gæðum, markaðshæðun, markaðsbyggingu og hversu viðeigandi flokkarnir eru fyrir hvert land.

Bensínverð án opinberra gjalda
Ísland í samanburði við 27 Evrópuríki



Heimild: Gögn frá Atlantsólú, N1, Skeljungu, Olís, ÓB, af heimasíðu [framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins](#) og [Seðlabanka Íslands](#), Eigin útreikningar Samkeppniseftirlitsins.*


Dísilverð eitt það hæsta í Evrópu fram undir lok árs 2019 en frá þeim tíma og fram á 2022 hefur það nálgast miðju dreifingar

- Þróun dæluverðs á dísilolíu á Íslandi og í öðrum Evrópuríkjum sambærileg yfir tímabilið
- Dæluverð á dísilolíu hlutfallslega hátt fram undir lok árs 2019 en nálgast miðju dreifingar eftir því sem líður á tímabilið
- **Fyrirvari:** Eldsneytissala Costco ekki meðtalin í gögnum fyrir eldsneytismarkað.

*Gögn fyrir dæluverð á bensíni hér á landi eru fengin frá olúfélögnum og opinber gjöld dregin frá en dæluverð án opinberra gjalda fyrir Evrópusambandsríkin eru fengin úr gagnagrunni framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (*Weekly Oil Bulletin*) og hafa verið umreiknuð yfir í ISK samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands. Verð eru ekki staðvirt.

Fyrirvari: Uppruni gagna er ólíkur og því ber að setja ákveðinn fyrirvara við samanburð á milli Íslands og annarra landa. Framkvæmdastjórnin setur jafnframt tiltekinn fyrirvara við samanburðarhæfni þeirra gagna sem er að finna í gagnagrunni þeirra, m.a. vegna mögulegs mismunar í gæðum, markaðshæðun, markaðsbyggingu og hversu víðeigandi flokkarnir eru fyrir hvert land.

Dísilverð án opinberra gjalda
Ísland í samanburði við 27 Evrópuríki



Heimild: Gögn frá Atlantsolíu, N1, Skeljungu, Olís, ÓB, af heimasíðu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og Seðlabanka Íslands. Eigin útreikningar Samkeppniseftirlitsins.*

Álagning hér á landi umtalsvert hærrí en í Bretlandi og á Írlandi

- Í nýlegum skýrslum samkeppnisyfirvalda í Bretlandi og Írlandi var reiknuð álagning þarrendra smásala metin
- Álagning á **bensín 7-34 kr./ltr hærrí** hér á landi en í Bretlandi og Írlandi
- Álagning á **dísilolíu 17-34 kr./ltr hærrí** hér á landi en í Bretlandi og Írlandi
- **Fyrirvari:** Eldsneytissala Costco ekki meðtalin í gögnum fyrir eldsneytismarkað.

Land	Bensín	Dísilolía	Bensín ISK	Dísilolía ISK
Írland (mars 2022)*	€0,08-0,09	€0,08-0,09	12-13 kr.	12-13 kr.
Bretland (apríl 2021-december 2021)**	£0,10-0,11	£0,10-0,11	16-19 kr.	16-19 kr.
Ísland (2017-2019)***			~42-51 kr.	~36-46 kr.
Ísland (2020-júlí 2022)***			~27-47 kr.	~32-53 kr.
Mismunur			~8-39 kr.	~13-41 kr.

Heimild: Gögn frá Atlantsolíu, N1, Skeljungu, Olís, Seðlabanka Íslands (2022) og breskum og írskum samkeppniseftirlitum (2022). Eigin útreikningar Samkeppniseftirlitsins







* Competition and Consumer Protection Commission. 2022. *Analysis of the Irish Retail Motor Fuel Market.*

**Competition and Consumer Protection Commission. 2022. *Road fuel review.*

***Dregið hefur verið frá álagningunni 4 kr. per lítra vegna kostnaðar við dreifingu og birgðahald sem smásalar standa almennt ekki straum af. Var um 2-3 kr. per lítra á höfuðborgarsvæðinu árið 2012.

Álagning á bensín farið lækkandi á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri frá tilkomu afsláttarstöðva Atlantsolíu en nánast óbreytt á landsbyggðinni

- Tilkoma afsláttarstöðva lækkar álagningu
- Í kjölfar viðbragða Atlantsolíu við innkomu Costco hefur álagning á bensín farið lækkandi
- Skörp lækkun á Akureyri í september 2020 í kjölfar afsláttarstöðvar Atlantsolíu
- Fyrirvari: Eldsneytissala Costco ekki meðalin í gögnum fyrir eldsneytismarkað.




Heimild: Gögn frá Atlantsolíu, N1, Skeljungu, Olís og ÓB. Eigin útreikningar Samkeppniseftirlitsins.

*Smásöluálag = Dæluverð (á lítra án vsk.) - Innkaupsverð á lítra - opinber gjöld á lítra. Uppreiknað á verðlag í október 2022. Ekki tekið tillit til dreifingarkostnaðar innanlands og birgðahalds.

* Landsbyggðin er skilgreind sem sala á öðrum svæðum en á Höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri.

Smásöluálag á bensín lækkaði á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri – landsbyggðin skilin eftir

- Tilkoma afsláttastöðva sennileg skýring
- Landsbyggðin (án Akureyrar) skilin eftir, smásöluálag úti á landi öllu stöðugra yfir tímabilið
- Lækkun frá árslokum 2019
 - Landið allt -11 kr./l
 - Höfuðborgarsvæðið: -12 kr./l
 - Akureyri: -34 kr./l
 - Landsbyggð: -7 kr./l
- **Fyrirvari:** Eldsneytissala Costco ekki meðtalin í gögnum fyrir eldsneytismarkað







Heimild: Gögn frá Atlantsólú, N1, Skeljungu, Olís og ÓB. Eigin útreikningar Samkeppniseftirlitsins.

* Landsbyggðin er skilgreind sem sala á öðrum svæðum en á Höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri.

Smásöluálag á dísilolíu nánast óbreytt að Akureyri undanskildu þar sem það hefur lækkað

- Minni breytileiki á smásöluálagi á dísilolíu á milli landfræðilegra svæða
- Talsverð hækking við upphaf COVID-19 faraldursins
- Lækking á Akureyri í kjölfar afsláttarstöðvar Atlantsolíu
- Hækking frá áramótum á öllum landfræðilegum svæðum
- Fyrirvari: Eldsneytissala Costco ekki meðtalin í gögnum fyrir eldsneytismarkað



Heimild: Gögn frá Atlantsolíu, N1, Skeljungu, Olís og ÓB. Eigin útreikningar Samkeppniseftirlitsins.


*Smásöluálag = Dæluverð (á lítra án vsk.) - Innkaupsverð á lítra - opinber gjöld á lítra. Uppreiknað á verðlag í október 2022. Ekki tekið tillit til dreifingarkostnaðar innanlands og birgðahalds.

* Landsbyggðin er skilgreind sem sala á öðrum svæðum en á Höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri.

Lítill breyting á smásöluálagi á dísilolíu

- Heilt yfir hefur smásöluálag á dísilolíu haldist stöðugt.
- Landsbyggðin sker sig úr þar sem hefur orðið smávægileg hækkun (+3 kr./l)
- Smávægileg lækkun á höfuðborgarsvæðinu (-2 kr./l)
- Mesta lækkun á Akureyri (-8 kr./l)
- **Fyrirvari:** Eldsneytissala Costco ekki meðtalin í gögnum fyrir eldsneytismarkað

Þróun smásöluálags á dísilolíu 2017-2022
(12 mánaða hlaupandi meðaltal)*



Heimild: Gögn frá Atlantsolíu, N1, Skeljungu, Olís og ÓB. Eigin útreikningar Samkeppniseftirlitsins.


Hlutur olíufélags af hverjum seldum lítra af bensíni hefur rúmlega tvöfaldast frá því í maí 2022

- Samkvæmt bensínvakt Kjarnans tvöfaldaðist hlutur olíufélaganna frá maí fram í september, lækkaði svo fram í nóvember en hækkaði svo snarlega um rúmar 20 kr./l frá nóvember til desember 2022.
- Hlutur olíufélags er fenginn með því að draga opinber gjöld og skatta frá viðmiðunarverði ásamt áætluðu innkaupaverði.

*Gögn um hlut olíufélags eru fengin frá bensínvakt Kjarnans. Viðmiðunarverð miðast við næst lægsta lítraverð á bensíni á síðunni [Bensinverd.is](https://www.bensinverd.is).

ATH: Á tímabilinu janúar 2017 – júlí 2022 hefur smásöluálag á landinu öllu samkvæmt útreikningum SE verið allt að 24 kr. hærra á lítra en hlutur olíufélags skv. bensínvakt Kjarnans. Í einstaka mánuðum, þar af 5 sinnum frá nóvember 2021 til júlí 2022, hefur hlutur olíufélags skv. tölum Kjarnans verið hærra en smásöluálag skv. útreikningum SE. Í júlí 2022 var munurinn jákvæður um 17 kr.


Þróun hlutar olíufélags skv. bensínvakt Kjarnans maí - desember 2022



Heimild: Bensínvakt Kjarnans, 17. desember 2022*.

FÍB hefur gagnrýnt olúfélögin fyrir háa álagningu og kallað eftir inngripum stjórnvalda

- Telja að álagning hafi hækkað úr um 40 kr./ltr. í byrjun árs í um 70 kr./ltr við lok nóvember
- Telja smásöluverð ekki breytast í takt við heimsmarkaðsverð og hafa borið saman þróun smásöluverð hér á landi við þróun í Danmörku
- Kalla eftir inngripum stjórnvalda til að tryggja sanngjarnara eldsneytisverð



Heimild: FÍB (2022).

